

Júlí 2019



# Ársskýrsla umhverfis- og auðlindaráðherra 2018

Stjórnarráð Íslands

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

# Efnisyfirlit

<b>Ávarp ráðherra</b> .....	3
<b>Inngangur</b> .....	5
<b>Samantekt um starfsemi ráðuneytis</b> .....	6
Helstu verkefni 2018 .....	6
Rekstur og fjárfestingar .....	7
<b>Málefnasvið</b> .....	8
Útgjöld, staða og frávik .....	8
<b>Frávik ríkisaðila og verkefna og árslokastaða</b> .....	10
<b>Málaflokkar</b> .....	11
Yfirlit yfir stöðu aðgerða í árslok 2018 .....	11
Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla .....	12
Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands .....	14
Meðferð úrgangs .....	16
Varnir gegn náttúruvá .....	18
Stjórnsýsla umhverfismála .....	20
<b>Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða</b> .....	22
<b>Verkefna- og rekstrarstyrkir og skuldbindandi styrktarsamningar</b> .....	23

# Ávarp ráðherra

Það má með sanni segja að mikilvæg hugfarsbreyting hafi átt sér stað síðustu misserin á sviði umhverfismála. Með réttu er skorað á stjórnvöld og fyrirtæki að takast á við brýnustu áskoranir samtímans með ábyrgum hætti. Þetta er verkefni sem stjórnvöld þurfa að standa undir af ábyrgð í náinni samvinnu við almenning í landinu, atvinnulíf og aðra hagaðila. Í sáttmála ríkisstjórnarinnar er umhverfis- og auðlindaráðuneytinu falin skýr ábyrgð og verkefni því samfara. Þar bera hæst loftslagsmálin og vernd lífríkis og náttúru.

Á árinu 2018 var hafin vinna við fjölmörg stefnumótandi verkefni í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Metnaðarfull aðgerðaáætlun í loftslagsmálum var kynnt þar sem áhersla var lögð á tvo meginþætti: Orkuskipti í samgöngum og víðtæka kolefnisbindingu, auk áherslu á nýsköpun. Aldrei hefur jafnmiklu fjármagni verið veitt til umhverfismála, auk þess sem framlögum til aðgerða sem tengjast loftslagsmálum er veitt í gegnum aðra málaflokka, eins og samgöngumál.

Vorið 2018 setti ég á fót þverpólítíska nefnd með fulltrúum allra flokka á Alþingi og frá sveitarstjórnarstiginu til að vinna að undirbúningi stofnunar þjóðgarðs á miðhálandi Íslands, í samræmi við stjórnarsáttmálann. Miðhálandisþjóðgarður mun marka vatnaskil í náttúruvernd hér á landi og ótal efnahagsleg tækifæri skapast fyrir byggðirnar í kring. Við störf nefndarinnar hefur áhersla verið lögð á samráð við helstu hagaðila, þ.m.t. sveitarfélög og náttúruverndar- og útivistarhópa með góðu samtali við aðila um allt land, auk þess sem verkefni nefndarinnar hafa verið kynnt í samráðsgátt stjórnvalda.

Árið 2018 setti ég af stað sérstakt átak ráðuneytisins og Umhverfisstofnunar um friðlýsingar þar sem áhersla er lögð á að hefja og ljúka friðlýsingum í verndarflokki rammaáætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða, friðlýsingum á svæðum á náttúruverndaráætlunum sem samþykktar hafa verið á Alþingi og svæðum sem eru undir álagi ferðamanna.

Á sama tíma hefur verið unnið jafnt og þétt að umfangsmikilli uppbyggingu innviða til verndar náttúrunni. Þingsályktun um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum var samþykkt á Alþingi á árinu og tilkynnt var um framlög til fjölmargra verkefna vítt og breitt um landið. Þegar sést árangur af þessu starfi, auk þess sem náðst hefur nauðsynleg yfirsýn yfir málaflokkinn. Fjármagn til landvörslu á háannatíma hefur einnig verið aukið enda landvarsla einn lykilþátturinn í því að gætt sé að þeim verðmætum sem vernduð svæði búa yfir og ekki síður er hún mikilvæg vegna fræðslu um náttúru Íslands.



Eitt af áherslumálum mínum er að berjast gegn plastmengun, neyslu og sóun. Við verðum að draga úr myndun úrgangs og nýta þann úrgang sem til fellur betur en við gerum nú. Sérstakur samráðsvettvangur skilaði mér tillögum undir lok árs 2018 um aðgerðir í plastmálefnum, auk þess sem vinna er hafin í ráðuneytinu við innleiðingu svokallaðs hringrásarhagkerfis.

Þau tímamót urðu á árinu að sett voru í fyrsta skipti lög um skipulag haf- og strandsvæða en þeim er ætlað að auka yfirsýn yfir vernd og nýtingu þessara svæða. Þá hafa verið samþykkt ný heildarlög um landgræðslu þar sem vernd, endurheimt og sjálfbær nýting eru höfð að leiðarljósi. Með því hefur verið stigið stórt skref til að setja ramma um stefnumótun stjórnvalda og áætlanir á þessu sviði. Haldið var sérstakt Umhverfisþing um hvernig við nálgumst náttúruvernd með nýjum hætti. Það eru fjölmörg tækifæri sem geta falist í friðlýsingum svæða, ekki síst fyrir landsbyggðirnar. Þá er unnið að aðgerðaáætlun um framfylgd Árósasamningsins hér á landi.

Umhverfismál eru í eðli sínu þverfagleg. Þau geta og eiga ekki að vera í hólfum heldur þarf að vinna að þeim í víðtækri samvinnu og hef ég lagt ríka áherslu á það. Gott dæmi um slíka samvinnu var þegar sjö ráðherrar í ríkisstjórn stóðu að og kynntu aðgerðaáætlun í loftslagsmálum síðastliðið haust. Einnig hef ég aukið samstarf milli Alþingis og ráðuneytisins, eins og með þátttöku þingmanna í nefndum og starfshópum, sem ég bind miklar vonir við.

Það er sérlega ánægjulegt að sjá öll þau fjölmörgu verkefni sem nú eru komin í skýran farveg í umhverfismálunum. Aukinn eldmóður og aðhald almennings gefur stjórnvöldum kraft til að ná breiðari samstöðu um metnaðarfullar aðgerðir í umhverfismálum. Með samhentum átaki okkar allra munum við geta tekist á við eitt mikilvægasta málefni 21. aldarinnar – að tryggja framtíðar kynslóðum viðunandi lífsskilyrði sem byggja á heilbrigðri jörð og lífríki sem vex og dafnar.

*Guðmundur Ingi Guðbrandsson*  
*umhverfis- og auðlindaráðherra*

# Inngangur

Í 62. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 er kveðið á um þá skyldu hvers ráðherra að birta ársskýrslu fyrir síðasta fjárhagsár. Tilgangurinn er að fyrir liggi heildstæð samantekt um þróun útgjalda og mat á árangri í samanburði við sett markmið.

Málefnasvið 17, Umhverfismál tekur til fjölbreyttra verkefna í þágu umhverfismála, þ.m.t. loftslagsmála, náttúruverndar og meðferðar úrgangs, svo fátt eitt sé nefnt. Áskorunum í loftslagsmálum fjölgar með ári hverju sbr. þróunina á heimsvísu. Með auknum fjölda ferðamanna hafa skapast nýjar áskoranir í náttúruvernd sem m.a. þarf að mæta með uppbyggingu innviða og aukinni landvörslu. Hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins er að ryðja sér til rúms á alþjóðavettvangi en hún snýr m.a. að sjálfbærri neyslu og framleiðslu og úrgangsstjórnun sem tilheyrir málefnasviðinu.

Í fjármálaáætlun 2018-2022 voru skilgreindar eftirfarandi megináherslur fyrir málefnasviðið:

- Að leiða vinnu við að móta og innleiða aðgerðaráætlun í loftslagsmálum fyrir Ísland til ársins 2030 í því skyni að uppfylla ákvæði Parísarsamkomulagsins, þar sem minni losun gróðurhúsalofttegunda frá röskuðum vistkerfum og binding kolefnis í jarðvegi og gróðri eru hluti af þeim leiðum sem farnar eru til að draga úr nettólosun og móta stefnu í loftslagsmálum til ársins 2050.
- Að stjórnun nýtingar á viðkvæmum og mikilvægum svæðum með uppbyggingu viðeigandi innviða, friðlýsingum, gerð stjórnunar- og verndaráætlana, auk gerðar sérstakrar áætlunar um vernd miðhálandisins sem mun nýtast til undirbúnings við stofnun miðhálandisþjóðgarðs.
- Að fjölbreytt og virk vistkerfi séu undirstaða velferðar og að landnýting og endurheimt raskaðra vistkerfa taki mið af aðferðafræði vistkerfisnálgunar en hún tekur mið af samspili allra þátta innan vistkerfis, þ.á m. mannsins.
- Að leggja áherslu á græna hagkerfið og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda.
- Að vinna að einföldun regluverks og aukinni skilvirkni í stjórnsýslu með notkun rafrænna lausna ásamt áherslu á samþættingu verkefna og aukna samvinnu á milli stofnana.

# Samantekt um starfsemi ráðuneytis

Hlutverk umhverfis- og auðlindaráðuneytisins er að skapa umgjörð um umhverfisvernd og sjálfbæra nýtingu náttúrugæða með velferð og jafnrétti kynslóðanna að leiðarljósi. Starfsemi ráðuneytisins hefur því tengingu við fjölmörg svið mannlífs og atvinnulífs.

## Helstu verkefni 2018

Starfsemin árið 2018 var umfangsmikil og tók mið af þeim megináherslum sem lagt var upp með. Með fjármálaáætlun 2019-2023, sem samþykkt var á Alþingi í júní 2018, er gert ráð fyrir verulegri aukningu framlaga til umhverfismála. Einkum er þar um að ræða aukin framlög til að uppfylla skuldbindingar í loftslagsmálum, til aukinnar landvörslu og uppbyggingar innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, stofnsetningar miðhálandisþjóðgarðs og átaks í friðlýsingum.

Fyrsta útgáfa aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum 2018 - 2030 var kynnt í september 2018. Þetta er heildstæð áætlun sem samanstendur af 34 aðgerðum á mörgum sviðum. Markmiðið með henni er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að aukinni kolefnisbindingu þannig að Ísland geti staðið við markmið Parísarsamningsins til 2030 og markmið ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi árið 2040. Megináherslur áætlunarinnar eru tvær; orkuskipti í samgöngum, með sérstakri áherslu á rafvæðingu í vegasamgöngum og átak í kolefnisbindingu þar sem skógrækt og landgræðsla gegna lykilhlutverki. Auk þess verður markvisst dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda með endurheimt votlendis. Loftslagsráð hóf störf á árinu en því er ætlað að vera stjórnvöldum til aðhalds með markvissri ráðgjöf um stefnumarkandi ákvarðanir sem tengjast loftslagsmálum á Íslandi. Þá var ráðist í gerð loftslagsstefnu og aðgerðaáætlunar fyrir Stjórnarráðið í því skyni að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjafna starfsemi Stjórnarráðsins. Með breytingum á byggingarreglugerð var mannvirkjahönnuðum gert skylt að gera ráð fyrir hleðslu rafbíla við allt húsnaði.

Á sviði náttúruverndar var blásið til sóknar í uppbyggingu innviða og annarra verkefna á fjölsóttum stöðum í náttúru Íslands og öðrum ferðamannastöðum á grundvelli þingsályktunar þar um sem Alþingi samþykkti í júní 2018. Skipuð var þverpólísk nefnd þingmanna og fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands. Auk þess var átaki í friðlýsingum hleypt af stokkunum þar sem unnið er að friðlýsingu svæða í verndarflokki rammaáætlunar, á eldri náttúruverndaráætlunum og friðlýsingum beitt sem stjórnþæki á viðkvæmum svæðum undir álagi ferðamanna. Þá eru einnig skoðaðir möguleikar á þjóðgörðum á svæðum utan miðhálandisins.

Ennfremur var ráðist í rannsóknir á hagrænum ávinningi af friðlýstum svæðum og nærsvæðum þeirra. Rannsóknin, sem tók til 12 svæða á Íslandi, sýnir að fyrir hverja 1 krónu sem ríkið leggur til friðlýstra svæða skila 23 krónur sér til baka.

Ný lög um skipulag haf- og strandsvæða voru samþykkt á árinu sem og heildarlæg um landgræðslu en um er að ræða heildarendurskoðun eldri laga frá árinu 1965. Samhliða var nafni Landgræðslu ríkisins breytt í Landgræðsluna.

## Rekstur og fjárfestingar

Málefnasvið 17 Umhverfismál heyrir undir ráðherra umhverfis- og auðlindamála og skiptist í fimm málaflokka:


- 17.1 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla
- 17.2 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands
- 17.3 Meðferð úrgangs
- 17.4 Varnir gegn náttúruvá
- 17.5 Stjórnáætlun umhverfismála

Hér undir fellur starfsemi 13 stofnana auk aðalskrifstofu ráðuneytisins. Enn fremur heyrir Endurvinnslan hf. undir málefnasviðið auk átta náttúrustofa víðsvegar um landið sem eru á forræði sveitarfélaga en fá rekstrarstyrk í gegnum fjárlög.

Auk málefnasviðs 17 fer ráðherra með hlutdeild í öðrum málefnasviðum:

- Málefnasvið 6 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál, sbr. starfsemi Landmælinga Íslands í málaflokki 06.2
- Málefnasvið 6 Sveitarfélög og byggðamál, sbr. hlutverk Skipulagssjóðs í málaflokki 08.1

### Rekstur og fjárfestingar – yfirlit yfir útgjöld málefnasviða sem heyra undir umhverfis- og auðlindaráðherra



Fjárhæðir í milljónum króna

# Málefнасvið

## Útgjöld, staða og frávik

Í töflunni eru málaflokkar þess málefnasviðs sem umhverfis- og auðlindaráðherra ber ábyrgð á, ásamt málaflokkum annarra málefnasviða, sem umhverfis- og auðlindaráðuneytið á hlutdeild í.

Taflan sýnir raungjöld, rekstur og tilfærslur, í m.kr. að frádregnum rekstrartekjum í samanburði við áætlanir ársins 2018 ásamt uppsöfnuðum frávikum fyrri ára.

### Rekstur án fjárfestinga – málefnasvið sundurliðað niður á málaflokka

Málaflokkar	Raun	Áætlun ársins	Frávik innan ársins	Frávik	Flutt frá fyrra ári	Uppsafn frávik	Frávik
<b>06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál</b>	294	322	-28	-8,7%	4	-32	9,9%
0610 - Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	294	322	-28	-8,7%	4	-32	9,9%
<b>08 Sveitarfélög og byggðamál</b>	231	197	35	17,7%	164	-129	35,8%
0810 - Framlög til sveitarfélaga	231	197	35	17,7%	164	-129	35,8%
<b>17 Umhverfismál</b>	14.292	13.739	553	4,0%	2.420	-1.867	11,6%
1710 - Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla	2.978	2.841	137	4,8%	-94	231	-8,4%
1720 - Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands	1.844	1.804	40	2,2%	51	-11	0,6%
1730 - Meðhöndlun úrgangs	4.559	4.504	55	1,2%	1.028	-973	17,6%
1740 - Varnir gegn náttúruvá	1.459	1.102	357	32,4%	694	-337	18,8%
1750 - Stjórnáætlun umhverfismála	3.452	3.488	-36	-1,0%	741	-777	18,4%

Fjárhæðir í milljónum króna

Taflan sýnir fjárfestingu í m.kr. í samanburði við áætlanir ársins 2018 ásamt uppsöfnuðum frávikum fyrri ára.

### Fjárfestingar – málefnasvið sundurliðað niður á málaflokka

Málaflokkar	Ráðstafað á árinu	Til ráðstöfunar á árinu	Ónýtt heimild frá fyrra ári	Ónýtt heimild í árslok
0610 - Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	17	1	0	-15
1710 - Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla	1.049	796	484	232
1720 - Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands	95	99	0	4
1730 - Meðhöndlun úrgangs	0	1	0	1
1740 - Varnir gegn náttúruvá	0	15	147	161
1750 - Stjórnáætlun umhverfismála	288	286	185	183

Fjárhæðir í milljónum króna

Tafla 1 sýnir m.a. frávik rekstrargjalda umfram rekstrartekjur (raun) frá fjárheimild ársins til rekstrar (áætlun ársins) í krónum og prósentum og frávik rekstrargjalda umfram rekstrartekjur frá fjárheimild ársins til rekstrar að viðbætttri árslokastöðu fyrra árs.



Í málaflokki 17.10 Náttúrvernd, skógrækt og landgræðsla er neikvætt frávik rekstrar frá fjárheimild ársins 137 m.kr. eða 4,8% en að teknu tilliti til árslokastöðu fyrra árs (uppsafnað frávik) er fráviknið neikvætt um 231 m.kr. eða 8,4%. Helstu skýringar á uppsöfnuðu frávikni í árslok 2018 eru:

- Neikvætt frávik hjá Vatnajökulsþjóðgarði að fjárhæð 186 m.kr. vegna halla-reksturs á árinu 2017. Gerð var úttekt á starfsemi stofnunarinnar á árinu 2018 og unnið er að hagræðingu í rekstri.
- Jákvætt frávik hjá Landgræðslu ríkisins að fjárhæð 50 m.kr. vegna frestunar á verkefnum.
- Neikvætt frávik hjá Þingvallapjóðgarði að fjárhæð 70 m.kr. sem skýrist að stærstum hluta af ófyrirséðum kostnaði á árinu 2017 í tengslum við endurbætur á þjónustumiðstöð.

Í málaflokki 17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands er neikvætt frávik rekstrar frá fjárheimild ársins 40 m.kr. eða 2,2% en að teknu tilliti til höfuðstóls frá fyrra ári er fráviknið jákvætt um 11 m.kr. eða 0,6%.

Í málaflokki 17.30 Meðhöndlun úrgangs er neikvætt frávik rekstrar frá fjárheimild ársins 55 m.kr. eða 1,2% en að teknu tilliti til árslokastöðu fyrra árs er fráviknið jákvætt um 973 m.kr. eða 17,6%. Helstu skýringar á uppsöfnuðu frávikni eru:

- Jákvætt frávik hjá Úrvinnslusjóði að fjárhæð 1.254 m.kr. en fráviknið skýrist af því að hluti tekna fer í að mæta framtíðarskuldbindingum einstaka vörflokka.
- Neikvætt frávik hjá Endurvinnslunni hf. að fjárhæð 281 m.kr. Innheimt skilagjald og umsýsluþóknun umfram tekjuáætlun myndar neikvæða árslokastöðu á fjárlagalið.

Í málaflokki 17.40 Varnir gegn náttúruvá er neikvætt frávik rekstrar frá fjárheimild ársins 357 m.kr. eða 32,4% en að teknu tilliti til árslokastöðu fyrra árs er fráviknið jákvætt um 337 m.kr. eða 18,8%. Skýring á uppsöfnuðu frávikni er:


- Jákvætt frávik hjá Ofanflóðasjóði að fjárhæð 337 m.kr. sem skýrist af seinkun einstakra framkvæmdaverkefna.

Í málaflokki 17.50 Stjórnarsýsla umhverfismála er jákvætt frávik rekstrar frá fjárheimild ársins 36 m.kr. eða 1,0% en að teknu tilliti til árslokastöðu fyrra árs er fráviknið jákvætt um 777 m.kr. eða 18,4%. Helstu skýringar á uppsöfnuðu frávikni eru:

- Jákvætt frávik hjá Umhverfisstofnun að fjárhæð 195 m.kr. sem skýrist m.a. af töfum á verkefnum s.s. vegna stjórnar vatnamála, endurgreiðslu vegna refa- og minkaveiða og uppsöfnuðum rekstrarafgangi fyrri ára.
- Jákvætt frávik hjá Mannvirkjastofnun að fjárhæð 201 m.kr. sem skýrist af uppsöfnuðum rekstrarafgangi fyrri ára og seinkun við uppbyggingu og þróun rafrænna gátta.
- Jákvætt frávik á fjárlagaliðnum Ýmis verkefni að fjárhæð 215 m.kr. sem skýrist af fjármögnun skuldbindandi samninga, töfum á einstaka verkefnum og uppsöfnuðum rekstrarafgangi.
- Jákvætt frávik hjá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu að fjárhæð 51 m.kr. sem skýrist af uppsöfnuðum rekstrarafgangi og seinkun verkefna.
- Jákvætt frávik vegna varasjóðs málaflokks að fjárhæð 76 m.kr.

# Frávik ríkisaðila og verkefna og árslokastaða

## Uppsöfnuð frávik frá áætlun Ríkisaðila og verkefna



Fjárhæðir í milljónum króna

# Málaflokkar

## Yfirlit yfir stöðu aðgerða í árslok 2018

Í meðfylgjandi mynd má sjá yfirlit yfir stöðu aðgerða á málefnasviði 17 Umhverfismál. Í það heila voru 22 aðgerðir skilgreindar í málaflokkunum fimm.

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða					Samt.
17.1 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla	■ 1	■ 1	■ 2			4
17.2 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands		■ 1		■ 2		3
17.3 Meðferð úrgangs			■ 2	■ 1		3
17.4 Varnir gegn náttúruvá			■ 1		■ 1	2
17.5 Stjórnsýsla umhverfismála			■ 5	■ 4	■ 1	10
	Samtals aðgerðir ■ 1 ■ 2 ■ 8 ■ 7 ■ 4					

■ Aðgerð ekki hafin  
 ■ Undirbúningur hafinn  
 ■ Aðgerð hafin  
 ■ Aðgerð komin vel á veg  
 ■ Aðgerð lokið



## Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla **Málaflokkur 17.10**

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2018 eru skilgreind tvö markmið fyrir málaflokk 17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla.

1. **Að tryggja náttúrulega sjálfbærni skilgreindra náttúruverndarsvæða**  
Markmiðið beinist einkum að því að byggja upp nauðsynlega innviði og þjónustu til að mæta sívaxandi ferðamannafjölda, s.s. með skipulegri uppbyggingu þjónustumiðstöðva, gerð göngustíga, aukinni landvörslu og fræðslu og leiðbeininga til ferðamanna.
2. **Að framkvæma heildstætt mat á sjálfbærni nýtingar gróður- og jarðvegsauðlinda og að fyrir liggja á hverjum tíma upplýsingar um losun og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri.**  
Markmiðið beinist einkum að þeirri stefnu að fyrir liggja á hverjum tíma upplýsingar um hvort landnýting geti talist sjálfbær.

### Stöðumat markmiða

Á árinu 2018 var framlögum til uppbyggingar innviða til verndar náttúrunni forgangsraðað með samþykkt verkefnaáætlunar landsáætlunar um uppbyggingu innviða. Verkefnaáætlunin skýrir forgangsröðun þeirra fjármuna sem eru til ráðstöfunar á þriggja ára tímabili, 2018-2020, og byggir á mati verkefnisstjórnar. Jafnframt unnu þær stofnanir sem fara með umsjón lands í þágu náttúruverndar eða annarra verndarmarkmiða áfram að uppbyggingu innviða á þeim áfangastöðum sem voru undir hvað mestu álagi. Umhverfisstofnun vann að mati á ástandi 109 áfangastaða innan friðlýstra svæða og svæða á náttúruminjasrá í sinni umsjón. Þetta mat leggur grunn að forgangsröðun og mati á áhrifum verndaraðgerða og mun ná til áfangastaða á svæðum í umsjón annarra stofnana ráðuneytisins í framtíðinni.

Unnið var að innleiðingu verkefnisins Gróllind, sem felur í sér heildstætt mat á stöðu og nýtingu gróður- og jarðvegsauðlindarinnar. Á árinu 2018 var aðferðafræði vöktunarinnar þróuð og munu fyrstu mælingar hefjast á árinu 2019.

## Árangursmælingar markmiða

### Yfirlit yfir stöðu mælanlegra markmiða í málaflokki 17.10

	Viðmið 2018	Raun 2018
<b>Mælikvarðar fyrir sjálfbæra nýtingu náttúruverndarsvæða:</b>		
Hlutfall áfangastaða innan náttúruverndarsvæða innan þolmarka.		80%
Hlutfall áfangastaða metinn.	Óljós grunnstærð til að leggja mat á hlutfall.	Ástand 109 áfangastaða metið.
<b>Mælikvarðar fyrir innleiðingu heildstæðs vöktunarkerfis um ástand gróður- og jarðvegsauðlinda:</b>		
Hluti vöktunarkerfis kominn á.	Þróun aðferðafræði.	Þróun aðferðafræði lokið.

## Staða aðgerða

Þær aðgerðir sem skilgreindar voru miða að því að ná markmiðum málaflokksins. Þær aðgerðir, sbr. umfjöllun um málaflokkinn í fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi, sem komu til framkvæmda á árinu 2018 eru eftirfarandi:

### Yfirlit yfir stöðu aðgerða í málaflokki 17.10

Aðgerð	Staða
Innleiðing og framkvæmd mats samkvæmt samræmdu matskerfi fyrir náttúruverndarsvæði.	Framkvæmt var ástandsmat á 104 áfangastöðum innan friðlýstra svæða og á fimm svæðum undir álagi á náttúruminjaskrá
Framkvæmd landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Veitt voru framlög til innviða til verndar náttúrunni í samræmi við verkefnaáætlun og þá forgangsröðun og fjármuni sem verða til ráðstöfunar.	Verkefni víðsvegar um landið eru í undirbúningi eða aðgerðir hafnar.
Vinna viðmið um vistkerfisnálganir fyrir áætlanagerð og framkvæmdir tengdum endurheimt vistkerfa/landnýtingu.	Unnið verður að mótun viðmiða fyrir undirbúning aðgerða í tengslum við áætlun um aukna kolefnisbindingu og samdrátt losunar frá landi.
Innleiðing á vöktun á stöðu og nýtingu gróður- og jarðvegsauðlindar.	Þróun aðferðafræði komin vel á veg og mælingar verða hafnar árið 2019.

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

## Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands

### Málaflokkur 17.20

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2018 eru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk 17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands.

#### 1. Efling og þétting mælanets vöktunarkerfa vegna náttúruvár.

Markmiðið er liður í að efla og þétta mælanet vöktunarkerfa vegna náttúruvár til að geta vaktað allar veigamestu tegundir náttúruvár á helstu stöðum á landinu þannig að hægt sé að gefa út viðvaranir í því skyni að vernda líf og eignir landsmanna og auka öryggi ferðafólks.

#### 2. Vöktun á náttúru Íslands og skráning berg- og jarðgrunna.

Markmiðið er liður í að tryggja að á hverjum tíma liggi fyrir aðgengilegar upplýsingar um ástand náttúrunnar og upplýsingar um berg- og jarðgrunna landsins sem er nauðsynlegur grunnur að sjálfbærri nýtingu jarðrænna auðlinda.

#### 3. Rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga.

Megintilgangur þessa markmiðs er að auka viðnámsþol og aðlögunargetu vegna loftslagstengdrar hættu og náttúruhamfara. Einnig að grípa til ráðstafana vegna afleiðinga loftslagsbreytinga sem m.a. verði felldar inn í landsbundnar áætlanir, stefnumál og skipulag í framtíðinni.

## Stöðumat markmiða

Unnið hefur verið að gerð ofangreindra áætlana á árinu 2018. Þegar liggur fyrir áætlun um eflingu vöktunar náttúruvár á gosbeltinu. Gerður var samstarfssamningur milli umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, ÍSOR og Náttúrufræðistofnunar Íslands um kortlagningu berggrunna og gerð jarðfræðikorta. Áætlun um vöktun lykilþátta í náttúru Íslands liggur fyrir og er hafin innleiðing á henni. Vorið 2018 kom út skýrsla Veðurstofu Íslands um loftslagsbreytingar og helstu áhrif þeirra á Íslandi sem leggur grunn að gerð áætlunar um rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga en gert er ráð fyrir að hún liggi fyrir á árinu 2019.

## Árangursmælingar markmiða

### Yfirlit yfir stöðu mælanlegra markmiða í málaflokki 17.20

	Viðmið 2018	Raun 2018
<b>Mælikvarðar fyrir eflingu og þéttingu mælanets vöktunarkerfa vegna náttúruvár:</b>		
Gerð áætlunar um eflingu og þéttingu mælanets vöktunarkerfa vegna náttúruvár á svæðum í forgangi.	Áætlun liggir fyrir.	Áætlun liggur fyrir um eflingu vöktunar á gosbeltinu.
<b>Mælikvarðar fyrir vöktun á náttúru Íslands og skráningu berg- og jarðgrunna:</b>		
Staða áætlunar.	Áætlun liggir fyrir.	Áætlun liggur fyrir vöktun lykilorða í náttúru Íslands auk samnings um skráningu berggrunna og gerð jarðfræðikorta.
<b>Mælikvarðar fyrir áætlun um rannsóknir á veigamiklum rannsóknarpáttum varðandi áhrif loftslagsbreytinga:</b>		
Staða áætlunar.	Áætlun liggir fyrir.	Áætlun liggur ekki fyrir.

## Staða aðgerða

Unnið er að uppbyggingu gagnagrunns um náttúruminjar. Vinna varðandi vistgerðir er lengst á veg komin en þar liggur nú fyrir heildarkortlagning sem gerð hefur verið aðgengileg á vefsíðu.

### Yfirlit yfir stöðu aðgerða í málaflokki 17.20

Aðgerð	Staða
Móta áætlun um eflingu vöktunarkerfa vegna náttúruvár.	Áætlun liggur fyrir.
Móta áætlun um vöktun á náttúru Íslands og skráningu berg- og jarðgrunna.	Áætlun um vöktun á náttúru Íslands.
Móta áætlun um rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga.	Skýrsla um helstu áhrif liggur fyrir en vinna við áætlun ekki hafin.

■ Aðgerð ekki hafin  
 ■ Undirbúningur hafinn  
 ■ Aðgerð hafin  
 ■ Aðgerð komin vel á veg  
 ■ Aðgerð lokið

## Meðferð úrgangs **Málaflokkur 17.30**

Í fjárlögum fyrir árið 2018 var skilgreint eitt markmið fyrir málaflokk 17.30 Meðhöndlun úrgangs.

### 1. Endurskoðun stefnu og markmiða fyrir endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs.

Megintilgangur þessa markmiðs er að stíga ákveðin skref í innleiðingu hringrásarhagkerfisins þar sem markvisst er komið í veg fyrir myndun úrgangs hér á landi. Endurskoðun markmiðasetningar fyrir úrgang sem ber úrvinnslu- og/eða skilagjald leiðir til þess að meira magn úrgangs skilar sér til endurvinnslu og endurnýtingar. Þannig minnkar hlutfall óendurvinnanlegs úrgangs af heildarúrgangi.

## Stöðumat markmiða

Á árinu vann Umhverfisstofnun að drögum að nýrri stefnu um meðhöndlun úrgangs sem áætlað er að ráðherra gefi út á árinu 2019. Þá gaf ráðherra út á árinu 2016 úrgangsforvarnastefnuna Saman gegn sóun 2016-2027 þar sem áhersla var m.a. lögð á matarsóun fyrstu tvö árin og plast árin 2018 og 2019. Samráðsvettvangur um aðgerðaáætlun í plastmálefnum skilaði tillögu að aðgerðaáætlun um hvernig draga má úr notkun plasts, bæta endurvinnslu þess og takast á við plasmengun í hafi. Alls er um 18 aðgerðir að ræða. Gert er ráð fyrir að aðgerðaáætlunin verði gefin út á árinu 2019.

## Yfirlit yfir stöðu mælanlegra markmiða í málaflokki 17.30

	Viðmið 2018	Raun 2018
<b>Mælikvarðar fyrir að koma á hringrásarhagkerfi þar sem markvisst er komið í veg fyrir myndun úrgangs:</b>		
Að fyrir árslok 2019 verði lokið við að endurskoða stefnu og markmið fyrir úrgang er ber úrvinnslu og/eða skilagjald á grunni hringrásarhagkerfisins.	Endurskoðun stefnu og markmiða lokið 2019.	Endurskoðun stefnu og markmiða verður lokið 2019.



## Staða aðgerða

Þær aðgerðir sem skilgreindar voru miða að því að ná markmiðum mála-  
flokksins. Þær aðgerðir, sbr. umfjöllun um málaflokkinn í fjármálaáætlun og fjár-  
lagafrumvarpi, sem komu til framkvæmda á árinu 2018 eru eftirfarandi:

### Yfirlit yfir stöðu aðgerða í málaflokki 17.30

Aðgerð	Staða
Unnið að endurskoðun og setningu markmiða um endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs er ber úrvinnslu og/eða skilagjald með hliðsjón af stefnu Evrópusambandsins um hringrásarhagkerfið.	Aðgerð komin vel á veg og gert ráð fyrir að ráðherra gefi út nýja stefnu á árinu 2019.
Unnið að framkvæmd úrgangsförvarnastefnunnar Saman gegn sóun 2016–2027. Kafli II.B. felur m.a. í sér fjölgun flokka drykkjarvöruumbúða sem bera skilagjald, að dregið sé úr notkun drykkjarvöruumbúða úr efnum sem ekki er hægt að endurvinna og samstarfsverkefni með drykkjarvöruframleiðendum um að draga úr notkun einnota umbúða.	Ýmsar aðgerðir hafa verið settar í framkvæmd.
Framkvæmd aðgerðaáætlunar til að draga úr notkun plastpoka 2016–2018. Felur m.a. í sér samstarfsverkefni með Samtökum verslunar og þjónustu (t.d. setning gjalds á alla burðarpoka og fræðslu og kynningu fyrir almenning) og að til staðar sé einföld og markviss flokkun úrgangs sem dregur úr notkun plastpoka.	Nokkrar aðgerðir hafa verið settar í framkvæmd. Gert er ráð fyrir að leggja fram frumvarp í byrjun 2019 þar um skyldu til gjaldtöku af burðarpokum og banni við þeim frá 2021. Gert er ráð fyrir að ný aðgerðaáætlun í plastmálefnum verði sett árið 2019.

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

## Varnir gegn náttúruvá Málaflokkur 17.40

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2018 eru skilgreint eitt markmið fyrir málaflokk 17.40 Varnir gegn náttúruvá.

1. Að ljúka öllum yfirstandandi og ráðgerðum framkvæmdum (níu til tíu talsins) við gerð ofanflóðavarna.

Markmiðið er liður í því að auka lífsgæði landsmanna er búa við vá vegna ofanflóða.

### Stöðumat markmiða

Á árinu var lokið við gerð varnargarða undir Gleiðarhjalla á Ísafirði og unnið að upptakastoðvirki í Kubba á Ísafirði og öðrum áfanga í Hafnarhrynu á Siglufirði (sem er þriðji áfangi á Siglufirði). Einnig var lokið við krapaflóðavarnir í Ljósá í Eskifirði og komið fyrir grunnvatnsmælum á áhrifasvæði framkvæmda ofan Urða, Hóla og Mýra á Patreksfirði. Þá var unnið að ýmsum frágangs- og viðhalds- verkefnum. Ennfremur var unnið að frumathugunum vegna varna við Geirseyrargil/Stekkjargil á Patreksfirði, við Gilsbakkagil/Stekkjargil og á Milligiljasvæði á Bíldudal, í sunnanverðum Hnífsdal og á Þófa- og Botnasvæðinu í Seyðisfirði. Lokið var við frumathugun undir Bjólfi í Seyðisfirði (Aldan og Bakkahverfi).

Lokið var mati á umhverfisáhrifum vegna framkvæmda við varnir við Urðir, Hóla og Mýrar á Patreksfirði og hafin vinna við mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmda við varnir undir Bjólfi í Seyðisfirði (Aldan og Bakkahverfi).

Lokið var vinnu við hönnun varna undir Urðarbotnum í Neskaupstað, unnið áfram að hönnun krapaflóðavarna í Lambeyrará og vinna hafin við hönnun varna við Urðir, Hóla og Mýrar á Patreksfirði og krapaflóðavarna í Grjótá í Eskifirði. Einnig var lokið tilraunavinnu vegna hönnunar krapaflóðavarna á Patreksfirði og Bíldudal. Þá var unnið að ýmsum hættumatsverkefnum vegna ofanflóða sem og að undirbúningi vegna hættumats vegna eldgosa, vatnsflóða og sjávarflóða.

### Árangursmælingar markmiða

#### Yfirlit yfir stöðu mælanlegra markmiða í málaflokki 17.40

	Viðmið 2018	Raun 2018
<b>Mælikvarðar fyrir fjölda ólokinna verkefna:</b>		
Ljúka öllum verkframkvæmdum (níu til tíu talsins) fyrir árslok 2022.	Fimm verkefnum lokið.	Fimm verkefnum er lokið.

## Staða aðgerða

### Yfirlit yfir stöðu aðgerða í málaflokki 17.40

#### Aðgerð

---

■ Ljúka við yfirstandandi framkvæmdir.

■ Ljúka við fjórar til fimm fyrirhugaðar framkvæmdir

---

■ Aðgerð ekki hafin   ■ Undirbúningur hafinn   ■ Aðgerð hafin   ■ Aðgerð komin vel á veg   ■ Aðgerð lokið



## Stjórnsýsla umhverfismála **Málaflokkur 17.50**

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2018 eru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk 17.50 Stjórnsýsla umhverfismála.

- 1. Að ljúka mótun aðgerðaáætlunar er miðar að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda**  
Markmiðið er liður í því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við stefnu og markmið Parísarsamningsins og markmið um kolefnishlutleysi Íslands árið 2040.
- 2. Að stuðla að aukinni náttúruvernd með friðlýsingu náttúruverndarsvæða**  
Markmiðið felur í sér að efla náttúruvernd og beinist einkum að stjórnsýslu í tengslum við náttúruvernd.
- 3. Að auka rafræna stjórnsýslu og skilvirkni í stjórnsýslunni.**  
Megintilgangur þessa markmiðs er að tryggja opna og gagnsæja stjórnsýslu málaflokksins og að bæta með markvissum hætti almannaþjónustu með rafrænum þjónustuleiðum.

### Stöðumat markmiða

Fyrsta útgáfa aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum liggur fyrir frá haustinu 2018 og unnið er að því að útfæra og magntaka aðgerðir. Unnið var að friðlýsingum sem stjórnvöld hafa þegar samþykkt að ganga skuli fram s.s. samkvæmt náttúruverndaráætlun og áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Vinna þverpólitiskrar nefndar um stofnun miðhálandisþjóðgarðs hófst á árinu.

### Árangursmælingar markmiða

#### Yfirlit yfir stöðu mælanlegra markmiða í málaflokki 17.50

	Viðmið 2018	Raun 2018
<b>Mælikvarðar fyrir aðgerðaáætlun í loftslagsmálum:</b>		
Staða aðgerðaáætlunar.	Aðgerðaáætlun tilbúin.	Aðgerðaáætlun tilbúin.
<b>Mælikvarðar fyrir aukna náttúruvernd:</b>		
Fjöldi friðlýstra svæða.	114	114
<b>Mælikvarðar fyrir aukna rafræna stjórnsýslu og skilvirkni í stjórnsýslunni:</b>		
Fjöldi þjónustuleiða í rafrænum gáttum.	35	Liggur ekki fyrir.
Fjöldi stafrænna deiliskipulaga (heildarskipulag).	25	0

## Staða aðgerða

### Yfirlit yfir stöðu aðgerða í málaflokki 17.50

Aðgerð	Staða
Móta aðgerðaáætlun í loftlagsmálum er nær til ársins 2030.	Fyrsta útgáfa aðgerðaáætlunar liggur fyrir.
Vinna vegvísi um hvernig Ísland getur orðið kolefnishlutlaust fyrir árið 2040.	Vinna við gerð vegvísis til kolefnishlutleysis er hafin.
Þróun rafrænnar byggingargáttar er að mestu lokið og á árinu 2018 verður hún tekin til prófunar og innleiðingar. Innleiðingu rafrænnar rafmagnsöryggisgáttar er að mestu lokið en unnið verður rekstri og áframhaldandi þróun hennar ár árinu 2018.	Byggingargátt í prófun og innleiðingar ferli.
Innleiðing á rafrænni gátt fyrir skráningaskylda starfsemi á sviði hollustuhátta, mengunarvarna og úrgangs.	Rafræn gátt langt komin.
Undirbúningur, innleiðing og móttaka á stafrænum skipulagsáætlunum sveitarfélaga hafin.	Innleiðing hafin.
Leggja fram þingsályktun um framkvæmdáætlun náttúruminjaskrár.	Hluti tillagna að svæðum á náttúruminjaskrá liggur fyrir.
Vinna að gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði.	Fimm stjórnunar- og verndaráætlanir voru staðfestar af umhverfis- og auðlindaráðherra.
Undirbúningur að stofnun miðhálandisþjóðgarðs.	Þverpólítísk nefnd vinnur að stofnun miðhálandisþjóðgarðs og mun skila tillögum haustið 2019.
Fjölgun stöðugilda til að ná niður málahalla Úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál.	Úrskurðarnefndin hefur fengið aukið fjármagn.
Aukin áhersla á framkvæmd friðlýsinga landsvæða í verndarflokki rammaáætlunar og á náttúruverndaráætlunum.	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Umhverfisstofnun vinna saman að friðlýsingum þessara svæða í samstarfi við hlutaðeigandi hagsmunaaðila.

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

# Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða

## Fjármunum var ráðstafað úr varasjóðum eftirfarandi málaflokka á árinu 2018

1710 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla	Fjárhæð
Til ráðstöfunar á árinu	22,7
Vatnajökulsþjóðgarður	-18,7
<b>Staða varasjóðs í lok árs</b>	<b>4,0</b>

1720 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands	Fjárhæð
Staða varasjóðs í upphafi árs	18,7
Náttúrufræðistofnun Íslands	-3,0
<b>Staða varasjóðs í lok árs</b>	<b>15,7</b>

1720 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands	Fjárhæð
Staða varasjóðs í upphafi árs	96,0
Skipulagsstofnun	-10,0
Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála	-10,0
<b>Staða varasjóðs í lok árs</b>	<b>76,0</b>

Fjárhæðir í milljónum króna

# Verkefna- og rekstrarstyrkir og skuldbindandi styrktarsamningar

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið veitir árlega styrki til verkefna sem falla undir málefna svið ráðuneytisins og eru á vegum félaga, samtaka og einstaklinga.

Markmið verkefnastyrkja er að styrkja einstök verkefni á sviði gróðursetningar, skógræktar og náttúruverndar, til loftslagstengdra verkefna, til verkefna um fjölbreytileika lífríkis, vistvænna ferðamáta, varnir gegn mengun s.s. plasts, rannsókna á líf- og dýraríki og til ýmiskonar þekkingaröflunar með þátttöku í erlendu samstarfi auk annarra umhverfisverkefna. Í verkefnaúthlutun ráðuneytisins af fjárlögum 2018 voru 34,2 milljónir króna til ráðstöfunar. Heildarupphæð umsókna um verkefnastyrki nam 150,5 milljónum króna en styrkir voru veittir til 28 aðila að upphæð 34,2 m.kr. Yfirlit yfir styrkhafa verkefnastyrkja má sjá í viðauka.

Ráðuneytið veitir einnig rekstrarstyrki til félagasamtaka sem starfa á málavæðum sviðum ráðuneytisins, eru opin fyrir almennri aðild og starfa ekki í hagnaðarskyni. Í ár námu umsóknir tæpum 83 milljónum króna en til úthlutunar voru tæpar 13,4 milljónir. Styrkir voru veittir til 18 aðila. Yfirlit yfir styrkhafa rekstrarstyrkja má sjá í viðauka.

Auk framangreindra verkefna- og rekstrarstyrkja er umhverfis- og auðlindaráðuneytið með skuldbundinn styrktarsamning gagnvart Skógræktarfélagi Íslands er árlega nemur 35 m.kr. Umhverfis- og auðlindaráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneytið hafa sameiginlega staðið að styrktarsamningi við Landvernd vegna Grænfánaverkefnis sem er ætlað að efla umhverfisvitund nemenda, kennara og annarra starfsmanna skóla og nam styrkur til verkefnisins 19,5 m.kr. árið 2018.



**Stjórnarráð Íslands**  
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

**Ársskýrsla umhverfis- og auðlindaráðherra**

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Skuggasundi 1-3 - 101 Reykjavík  
545 8600 | uar@uar.is

Júlí 2019

Ábyrgðarmaður: Guðmundur Ingi Guðbrandsson  
Umsjón: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

@ 2019 – Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

[stjornarradid.is](http://stjornarradid.is)



Ársskýrsla umhverfis-  
og auðlindaráðherra  
2018